



## Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 3. desember 2013 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Kristján Geir Guðmundsson, Stefán Jóhannesson, Dagbjört Víglundsdóttir í síma og Mundína Ásdís Kristinsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Aðalsteinn Einar Eymundsson, Brynja María Ólafsdóttir og Hreggviður Norðdahl.

### Dagskrá

- EM 2014
- Íþróttafólk ársins
- Smáþjóðaleikar 2015
- Landsliðsmál
- Innsend erindi
- Önnur mál

## Fundargerð

### EM 2014

- BLÍ fékk úthlutað tveimur riðlum í Evrópumóti Smáþjóða 2014 og síðar boð um að hægt væri að sameina riðlana á sömu helginni. Úr varð að halda bæði karlariðil með 3 liðum og kvennariðil með 4 liðum á sömu helginni 5.-9. júní.
- Sótt hefur verið um að vera í Laugardalshöll með mótið en er ekki staðfest ennþá vegna áreksturs við annan viðburð – skýrist fljótlega hvað verður úr. Gisting verður á Reykjavík Lights Hótelu á Suðurlandsbraut, hádegis- og kvöldmatur í Café Easy (Íþróttamiðstöðinni).
- Ljóst er að það þarf að skipa framkvæmdanefnd fyrir mótið og er æskilegt að nýta það fólk sem er í Smáþjóðaleikanefndinni.

### Íþróttafólk ársins 2013

- Nokkur umræða var um val stjórnar BLÍ um blakmann og blakkonu ársins 2013. Hafsteinn Valdimarsson og Hulda Elma Eysteinsdóttir komu til greina auk Berglindar Gíju Jónsdóttur og Lúðvíks Más Matthíassonar.
- Ákveðið að útnefna Berglindi og Lúðvík. Sævar vinnu rökstuðning og sendir út á stjórn BLÍ áður en þetta verður tilkynnt.

### Smáþjóðaleikar 2015

- Nefndin er komin af stað en haldinn hefur verið 1 fundur. Sævar hefur verið í sambandi við ÍSÍ og fundaði um daginn á stórum fundi. Næsti fundur nefndarinnar verður fljótlega.

### Landsliðsmál

- Stefán segir frá starfi nefndar um ráðningu A landsliðsþjálfara í blaki. Ákveðið var að ráða þjálfara til lengri tíma eða þar til í lok Smáþjóðaleika 2015. Nokkrir þjálfarar eru í boði og er verið að ræða við tvo þjálfara fyrir bæði lið.
- Nú er pressa á að ráða þjálfara fyrir yngri liðin því afreksbúðir verða í byrjun janúar.

## Innsend erindi

- Umsókn Fylkis í útbreiðslusjóð. Fram kom að engin sjóðsstjórn væri til staðar og því er það í höndum stjórnar að útteila til útbreiðslu. Nokkur umræða fór um útbreiðslu almennt og jákvætt að félögin leiti til BLÍ um styrki til þessara mála. Ákveðið að Jason myndi hafa samband við Fylki vegna þessa máls.
- Bréf frá HK um fjölmiðlamál. Það er mikill vilji til þess að félögin hittist og ræði þessa hluti er fram koma í bréfinu og ákveðið að JÍ svari bréfinu með dagsetningu að fundi í huga.
- Bréf frá Matthíasi Haraldssyni um leyfisgjald tekið fyrir. Nokkur umræða varð um málið og ákveðið að halda umræðunni gangandi. KKÍ og HSÍ hafa verið að skoða þessi mál einnig og spurning hvort BLÍ ætti að verða samferða öðrum sérsamböndum hvað þetta varðar.

## Önnur mál

- Jason fór yfir það helsta sem fram kom á **formannafundi ÍSÍ** síðastliðinn föstudag. Dagur sjálfboðaliðans á fimmtudag og það verður kynnt formlega frá ÍSÍ. Undir ÍSÍ.is er vefur sjálfboðaliðans og þurfum við að sýna gott fordæmi með því að nota þennan vef, t.a.m. er þessi fundur 2 klst. í sjálfboðavinnu sem hver og einn getur skráð inn.
- **Skólamót:** Jákvætt að það verður Grunnskólamót á vegum HK í febrúar. Þurfum að koma þessu á allsstaðar á landinu, hverfaskipt, héraðskipt. Það yrði mjög jákvætt fyrir hreyfinguna.
- Þurfum að skila til ÍSÍ vegna **aðstöðumála** fyrir landsliðin okkar í umræðuna um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir.
- **Dómaramál:**
  - Kristján Geir er formaður dómara nefndar. Nefndin sendi félögum bréf þar sem var verið að kalla eftir fleiri dómurum. Við þurfum að fjölga í stéttinni ekki seinna en strax. Mikið rætt um hvað væri hægt að gera. Við höfum KKDÍ til hliðsjónar en það er gríðarlega mikið starf unnið þar sem er fyrir utan KKÍ. Dómara nefnd KKÍ raðar niður á leiki.
  - Er hægt að setja inn afsláttarkerfi á félögin per dómara? Er hægt að gera matsblöð fyrir félögin?
  - Í bréfinu var boðið upp á það við félögin að fá til sín dómara inn á æfingar til að fara yfir áherslur í dómgæslu.
  - Það hefur ítrekað komið fyrir í vetur að dómara fái ekki vinnufrið í leikjum og það er áhyggjuefni. Ekkert er ennþá til í reglum sem verndar dómara í störfum þeirra.
  - Það er ljóst að það þarf að fá dómara til starfa fyrir vestan, austan og norðan.
  - Nauðsynlegt er að halda dómara námskeið sem er í raun bara fyrir þá dómara sem ætla að starfa sem dómara. Þetta þarf að fara inn á fundinn með félögum um fjölmiðlamál sem er fyrirhugaður í janúar.
  - Starfsreglur dómara eru í bígerð og lagðar fyrir fundinn. Unnið verður áfram í þeim í vetur og lagðar til samþykktar á stjórnarfundi.
- **Árspaning BLÍ**
  - Ákveðið að hafa það í maí – jafnvel 17. maí.
  - Rætt var um það að halda árspaning BLÍ annað hvert ár og þá verði haldinn formannafundur á móti.

P.s. Gleymdist að nefna á fundinum að í nóvember barst bréf frá CEV um ráðstefnu um strandblak í Milan í desember. Formaður, framkvæmdastjóri og strandblaknefnd ákváðu að senda Einar Sigurðsson á þessa ráðstefnu. BLÍ fær um 300 Evrur fyrir að senda mann og þetta hefur aldrei verið gert áður og kominn tími til.

*Fundi slitið kl. 18.30*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*